



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

UMHV2UU05

Umhverfisfræði
Kennsluáætlun

Kennari:	Ólafur Einarsson (ÓE)
----------	-----------------------

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að auka meðvitund nemenda um þátt einstaklingsins í umhverfisvernd. Nemendur kynnst helstu áskorunum loftslagsbreytinga sem við glímum við í heiminum og leita lausna við þeim. Nemendur skoða eigin gildi, kynnst aðferðum til að stuðla að sjálfbærum lifnaðarháttum og hvernig einstaklingurinn getur haft áhrif og gripið til aðgerða. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ásamt „Grænfána“ verða undirliggjandi þræðir í viðfangsefnum áfangans.

Undanfari: UMHV1SU05.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- fjölbreyttum leiðum einstaklingsins til vistvænna lifnaðarháttanna
- hugtökunum burðargeta (e. carrying capacity) og sjálfbærni (e. sustainability) og hvernig þessi hugtök tengjast nýtingu náttúruauðlinda og fjölgun mannkyns
- hlýnun Jarðar, þ.e. orsökum, afleiðingum og ábyrgð einstaklings
- muninum á hagfræðilegu og fagurfræðilegu verðmætamati í tengslum við nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- endurnýta endurnýtanlegan efnivið og endurvinna sorp í þeim tilgangi að minnka sorp sem þarf að farga.
- meta áhrif hversdagslegra athafna á umhverfið, m.a. með því að nýta sér hugtakið „vistspor“ (e. ecological footprint) og kolefnisspor (e. carbon footprint)
- fjalla um umhverfismál út frá hagfræðilegum og fagurfræðilegum sjónarmiðum

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- minnka ágang á náttúruauðlindir með sjálfbærari lifnaðarháttum en áður
- minnka sóun og magn urðaðs sorps með því að endurhugsa, endurnýta og endurvinna það sem hægt er
- túlka á gagnrýnninn hátt upplýsingar sem tengjast umhverfismálum
- vera virkur þátttakandi í umræðu um umhverfismál.

Námsefni

Efni í opnum aðgangi á netinu og í Innu.

Efni frá kennara.

Lesefni kemur undir „Efni“ á Innu.

Námsmat

Áfanginn er sí matsáfangi og lokaeinkunn byggist á eftirfarandi mati:

Próf 30%, sem gilda 15% hvort.

Vinnueinkunn 70%

Ýmis verkefni, s.s. stærri ritunarverkefni eða hópverkefni 40%, smærri verkefni 15% gagnvirk vefverkefni 10% og ástundun 5%.

Til að standast áfangann verða nemendur að ná 4,5 í prófum og lokaeinkunn. Athugið að vetrareinkunn hækkar ekki lokaeinkunn nemanda upp fyrir 4,0 sé um fall að ræða hjá honum á annarprófum. Ennfremur getur vetrareinkunn dregið einkunn niður þannig að nemandi falli í áfanganum.

Sérreglur áfangans og aðrar upplýsingar

Til að standast áfangann verða nemendur að ná lágmarkseinkunninni 4,5.

Ef nemandi þarf að fara úr tíma og er fjarverandi lengur en í 10 mínútur þá er það skráð sem fjarvist (F) fyrir tímann. Notkun tölvu/síma við námið er mikilvæg alla önnina, en notkun tölvu eða síma í tölvuleiki og spjall á netinu í kennslustund er ekki liðin og jafngildir það fjarvist (F). Fjarvist verður gefinn án aðvörunar ef kennari verður var við að sími/tölva er notuð í annað en það sem við kemur námi. Nemendur 20 ára og eldri (fæddir 2004 eða fyrr) skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

Nemendur vinna ýmis verkefni samhliða yfirferð námsefnis. Verkefnin eru misstór, vega mismikið og eru ýmist einstaklings-, para- eða hópverkefni. Skilaskylda er á verkefnum. Eftir skiladag reiknast engin einkunn fyrir verkefni. Nánari upplýsingar um tímasetningu og vægi verkefna birtast jafnt og þétt í Innu.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

Á vef skólans er að finna reglur sem varðar svindl og notkun gervigreindar við skil á verkefnum, nánari upplýsingar eru hér [á þessari slóð](#).

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á [vef skólans](#).

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar eru í lok hverrar annar.

Sá dagur er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk í prófum.
- rökstuðning fyrir námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Nánari útfærsla á kennsluvef áfangans á Innu. Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel!

Selfossi, 7.1.2026

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Ólafur Þinnarsson'.

Áætlun um yfirferð námsefnis

Vika	Dagsetning	Námsefni	Námsmat og annað
2.	4.1. - 10.1.	Kynning á áfanganum. Viðfangsefni umhverfisfræðinnar.	
3.	11.1. - 17.1.	Viðfangsefni umhverfisfræðinnar. Bakgrunnur, frumkvöðlar, umhverfisfræðin verður til.	
4.	18.1. - 24.1.	Sameiginlegt andrúmsloft og sameiginleg mengun. Loftslagsbreytingar og gróðurhúsaáhrif.	
5.	25.1. - 31.1.	Ósonlagið hvað er nú það? Hlutverk þess, eyðing og endurkoma.	
6.	1.2. - 7.2.	Regnskógarnir: Lungu Jarðar.	
7.	8.2. - 14.2.	Hnignun vistkerfa. Uppblástur og jarðvegseyðing.	PRÓF I.
8.	15.2. - 21.2.	Hafið – lífríki þess, veiðar, súrnun sjávar og fleira.	Miðannarmat.
9.	22.2. - 28.2.	Hafið – lífríki þess, veiðar, súrnun sjávar og fleira.	Vorannarfrí 23. og 24.2.
10.	1.3. - 7.3.	Dýr og plöntur í útrýmingarhættu.	Áfangamessa 4.3.
11.	8.3. - 14.3.	Alþjóðasamningar um náttúru og menningarumhverfi.	Valdagur 11.3.
12.	15.3. - 21.3.	Mengun á landi og sorp. Mengunarvarnir og endurvinnsla.	Kátir dagar og Flóafár 18-20.3.
13.	22.3. - 28.3.	Fólksfjölgun. Jörðin og við.	
14.	29.3. - 4.4.	Áhrifavaldar, hraðtíska og matarsóun. Sérstök áhersla á HM 1. Engin fátækt, 2. Ekkert hungur, 4. Menntun fyrir öll, 5. Jafnrétti kynjanna, 12. Ábyrg neysla og framleiðsla, 16. Friður og réttlæti.	Páskafrí 26.3 – 6.4.
15.	5.4. - 11.4.	Að hugsa á heimsvísu og framkvæma heima fyrir og á ábyrgð okkar. <i>SJÁLFBÆR PRÓUN.</i>	PRÓF II.
16.	12.4. - 18.4	Knýjum framfarir. Sérstök áhersla á HM 7. Sjálfbær orka. 8. Góð atvinna og hagvöxtur.	
17.	19.4. - 25.4.	Horft til framtíðar. Sérstök áhersla á HM 9. Nýsköpun og uppbygging. HM 11. Sjálfbærar borgir og samfélög.	Sumardagurinn fyrsti 23.4.
18.	26.4. - 2.5.	Verkefnavinna í lok annar.	Frídagur verkalýðsins 1. maí.
19.	3.5. – 9.5.	Verkefnavinna í lok annar.	Dimisjón 8.5.
20.	10.5. – 16.5.	Olnbogarými og skrap. Síðasti kennsludagur er 13. maí.	Uppstigningardagur 14.5.
21.	17.5. – 23.5.	Próf eru 15. maí, 18. og 19. maí. Sjúkrapróf 20. maí.	